

## Verkferill fyrir skilorðsbundna ákærufrestun

Málsnúmer:

Sækjandi:

### 0. Yfirlestur máls

- Mál fullrannsakað (ef ekki fara eftir öðrum verkferli!), sakborningur á aldrinum 15-21 árs þegar brot er framið
- Athuga hvort viðkomandi á ólokin mál í LÖKE og skoða sakarferil/sakavottorð
- Fá afstöðu til haldlagðra muna (hvort viðkomandi afsali sér þeim)

### I. Undirbúningur

- Útbúa skjal (sjá sniðmát) þar sem fram kemur verknaðarlýsing brots, sbr. c. lið 1. mgr. 152. gr. sml. og að sakborningur hafi játað þá háttsemi sem ákærufrestunin lýtur að
- Senda boðun á sakborning og lögráðamann þegar það á við, þar sem fram kemur að til greina komi að ljúka málinu með ákærufrestun. Fram komi að mæti sakborningur ekki á tilsettum tíma eða semji um nýja tímasetningu sé litið svo á að hann sé mótfallinn málalokum með ákærufrestun og ákvörðun um saksókn verði þá tekin eftir almennum reglum
- Senda afrit á verjanda
- Senda afrit á barnavernd ef sakborningur undir 18 ára
- Bóka um boðun og fundartíma í LÖKE

### II. Kynning ákærufrestunar

- Einn ákærandi ásamt votti sér um kynninguna
- Gera grein fyrir réttaráhrifum, þ.m.t. að ákvörðun skráist á sakavottorð
- Kynna þýðingu skilorðs, þ.m.t. sérskilyrða ef við á, og áhrif skilorðsrofs
- Undirritun ákæranda, sakbornings og votts
- Kynna kæruheimild til ríkissaksóknara
- Afhenda sakborningi/lögráðamanni eintak af ákærufrestuninni

### III. Frágangur máls

- Senda tilkynningu til ríkissaksóknara ásamt afriti af ákærufrestun
- Senda tilkynningu til kæranda, upplýsa um kæru rétt
- Senda afrit á lögreglustjóra (ef ákvörðun er tekin hjá héraðssaksóknara)
- Yfirfara skráningu máls í LÖKE (brotaflokkar, sakborningar rétt skráðir)
- Yfirfara hvort öll skjöl eru skönnuð í LÖKE, sbr. fyrirmæli RS: 10/2017
- Skanna og vista ákærufrestun í LÖKE

- Skrá feril í LÖKE
- Afgreiða haldlagða muni
- Undirritað frumrit ákærufrestunar með málgögnum í geymslu
- Fara yfir símahlustanir og skyld úrræði og eyðingu að liðnum kærufresti (athuga með tilkynningu í LÖKE)
- Útfylltur verkferill fylgi málgögnum